

## Húftrygging smábáta

### Vátryggingaskilmálar nr. MM10

#### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. MM10.
- Sameiginlegir skilmálar nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

#### Efnisyfirlit:

##### A. Almennir skilmálar

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Áhættubreyting
8. Útreikningur iðgjalds
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Eigendaskipti
12. Eigin áhætta

##### B. Húftrygging

13. Vátryggingarfjárhæð
14. Bótasvið vegna algers tjóns
15. Bótasvið vegna tjóns að hluta
16. Bátur sama eiganda
17. Samsömun
18. Ákvörðun bóta
19. Viðgerð á skemmdum
20. Réttur félagsins til tjónamuna
21. Tvítrygging
22. Fyrming

##### C. Ábyrgðartrygging

23. Vátryggingarfjárhæð
24. Bótasvið
25. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
26. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
27. Staða tjónþola við tjón
28. Meðferð bótakrafna
29. Fyrming

##### A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

##### 1. Vátryggðir hagsmunir

1.1 Vátryggingin tekur til báts þess sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og fylgifyr hans.

1.2 Til fylgifyr bátsins teljast vélar bátsins, gangskrúfa, öxlar, gírar, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, fjarskiptatæki, siglingatæki og annar sambærilegur búnaður sem telst nauðsynlegur á hverjum tíma, auk varahluta, enda séu þessir munir um borð í bátnum.

1.3 Vátryggingin tekur ekki til vista, farangurs, hugbúnaðar, fiskikassa, fiskikara, umbúða, pakkninga, afla og veiðarfæra, belgja, bauja og bólfæra.

##### 2. Vátryggður og meðvátryggðir

2.1 Eigandi bátsins er vátryggður.

2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í bátnum eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

##### 3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir við strendur Íslands.

##### 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

4.1 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

4.2 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

##### 5. Varúðarreglur

5.1 Báturinn skal vera smíðaður, útbúinn og haldið við í samræmi við notkun hans. Jafnframt skal

- vátryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi bátsins.
- 5.2 Þegar báturinn er í höfn, lægi eða sátri skal ganga tryggilega frá festum hans og læsa honum. Jafnframt ber vátryggðum að hafa reglulegt eftirlit með bátnum þegar hann er í höfn, lægi eða sátri.
- 5.3 Þegar báturinn er tekinn upp á land í sátur eða hann er í höfn eða lægi til lengri tíma skal taka lausan búnað úr bátnum, eins og siglingatæki, fjarskiptatæki, handfæra-rúllur og annan lausan búnað.
- 5.4 Vátryggður skal sjá til þess að bátnum sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Báturinn skal vera haffær þegar hann lætur úr höfn, útbúinn og mannaður með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðinn og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.
- 5.5 Vátryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.
- 6. Brot á varúðarreglum**
- Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 7. Áhættubreyting**
- Allar breytingar á gerð vátryggðs báts og notkun, sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, skal tilkynna félaginu tafarlaust. Um réttaráhrif áhættuaukningar fer eftir ákvæðum 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8. Útreikningur iðgjalds**
- Iðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun, gerð og verðmæti vátryggðs báts.
- 9. Greiðsla iðgjalds**
- 9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 10. Endurgreiðsla iðgjalds**

- 10.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 10.2 Ef báturinn er tekinn í sátur endurgreiðast 0,15% af ársiðgjaldi fyrir hvern dag sem hann er í sátri enda hafi báturinn legið samfleytt í 20 daga eða lengur. Endurgreiðsla er ekki gerð vegna hafnlegu.

## 11. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að bátnum eða hann er settur undir aðra útgerðarstjórn fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða skipti á útgerðarstjórn hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum eða skiptum á útgerðarstjórn, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

## 12. Eigin áhætta

- 12.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

## B. Húftrygging

### 13. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 14. Bótasvið vegna algers tjóns

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón í eftirfarandi tilvikum:

- 14.1 Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það eða kostnaður við að bjarga því og gera við það er hærri en vátryggingarfjárhæðin.
- 14.2 Skipið hefur ekki komið fram þremur mánuðum eftir að síðast spurðist til þess eða áhöfnin hefur yfirgefið skipið og það ekki komið undir umráð vátryggðs innan þriggja mánaða frá því það var yfirgefið, en við það tímamark sem hér greinir telst vátryggingaratburður samkvæmt þessum staflíð einnig hafa orðið.

14.3 Skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki og ekki látið laust innan sex mánaða. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem hlýst af því að skip er gert upptækt í refsímáli, kyrrsett eða selt að kröfu skuldheimtumanna.

14.4 Skipið verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga því og gera við hann er hærri en vátryggingarfjárhæðin

## 15. Bótasvið vegna tjóns að hluta

Vátryggingin bætir:

15.1 Tjón á bátum sem stafa af eldsvoða, sprengingu, strandi, ásiglingu á mannvirki eða rekald, þar með talinn ís, eða árekstri við annað fljótandi far, enda sé að minnsta kosti annað farið undir siglingastjórn.

15.2 Tjón af völdum brotsjós ef ólag ríður yfir bátinn með þeim afleiðingum að báturinn eða hlutar hans brotna.

15.3 Kostnað við björgun svo og eðlilegan kostnað við ráðstafanir til að varna tjóni, sbr. þó ákvæði siglingalaga um takmörkun ábyrgðar.

15.4 Tjón sem stafar af innbroti, þjófnað eða skemmdarverk.

15.5 Tjón á bátum sem verða við sjósetningu eða upptöku vegna skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar, svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis.

15.6 Tjón af völdum jarðskjálfta, eldgosa, aurskriða og snjóflóða.

15.7 Tjón á bátum í uppsátri vegna bruna, snjóflóðs, aurskriðu, eldgoss, jarðskjálfta, innbrots, þjófnaðar, skemmdarverka og óveðurs. Með óveðri er átt við að vindhraði nái 28,5 metrum á sekúndu. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingar- atburðurinn átti sér stað.

Vátryggingin bætir ekki:

15.8 Tjón á vélum, skrufubúnaði, rafkerfi, siglinga- og fjarskiptatækjum, fiskileitartækjum, handfærarúllum og öðrum búnaði bátsins nema tjónið verði rakið til orsaka samkvæmt gr. 14 og 15.1 til 15.8.

15.9 Tjón sem stafar af fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum.

15.10 Tjón sem rakið verður til hönnunargalla.

15.11 Tjón sem stafar af samslætti við báta, skip eða hafnarmannvirki.

15.12 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf.

## 16. Bátar sama eiganda

16.1 Nú rekst vátryggður bátur á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt samkvæmt skilmálum þessum þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.

16.2 Þegar svo stendur á skulu vátryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann skal þess óskað að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur tilnefni hann. Niðurstaða gerðarmanns er bindandi og verður henni ekki skotið til dómstóla.

## 17. Samsömun

17.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinum vátryggða báti.

17.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og stjórnenda hins vátryggða báts.

## 18. Ákvörðun bóta

18.1 Ef báturinn ferst eða verður dæmdur óbætandi samkvæmt 2. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. gr. 14 í skilmálum þessum, bætir félagið tjónið með því að greiða vátryggingarverðmæti bátsins.

18.2 Skemmdir á bátum bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á vátryggðan, sbr. þó gr. 18.4.

18.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi bátsins skulu við hvern einstakan vátryggingaratburð ekki vera hærri en vátryggingarfjárhæðin.

18.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði bátsins skal aldrei greiða hærri bætur en nemur frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur hans. Fyrningin er 6% fyrir hvert ár í allt að 12 ár fyrir vélar og rafeindatæki.

18.5 Ef bátur ferst og fyrir eru óviðgerðar skemmdir á honum sem tilkynntar hafa verið til félagsins og félagið hefur haft tækifæri til að skoða, koma engar bætur vegna þeirra við uppgjör á tjóninu.

Fyrri tilkynnt og óuppgerð tjón eru meðhöndluð á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

18.6 Nú er gert við bátinn þó að skilyrði gr. 14 séu fyrir hendi og takmarkast þá greiðsluskýlda félagsins við vátryggingarfjárhæðina en að frádrögnum verðmæti bátsins eftir vátryggingaratburð. Þó eru greiddar hæfilegar bætur umfram vátryggingarfjárhæð vegna kostnaðar vátryggðs við að varna tjóni eftir að vátryggingaratburður hefur gerst, sbr. 38. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

18.7 Tjón á bol báts úr trefjaplasi eða plastefnum þegar notaðar eru viðurkenndar aðferðir til viðgerðar. Það telst fullnaðarviðgerð þó um útlitsgalla sé að ræða.

## 19. Viðgerð á skemmdum

19.1 Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

19.2 Vátryggður skal sjálfur annast viðgerð á skemmdum á bátnum nema félagið fari fram á annað. Vátryggður skal hafa fullt samráð við félagið um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem vátryggingin bætir. Geri hann það ekki er félaginu óskýlt að greiða kostnaðarauka sem af því kann að leiða.

19.3 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá vátryggingaratburði og er félaginu ekki skylt að greiða kostnaðarauka ef dráttur verður lengri. Sama gildir ef efnislegt tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

## 20. Réttur félagsins til tjónamuna

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir algert tjón eða einstaka hluti öðlast það rétt vátryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutnum sem það hefur bætt. Félagið á rétt á því að fá afhent öll skjöl og sönnunargögn sem varða muni þessa frá vátryggðum.

## 21. Tvítrygging

21.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

21.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 21.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 22. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

## C. Ábyrgðartrygging

### 23. Vátryggingarfjárhæð

Hámark samanlagðra bóta samkvæmt þessum kafla vegna eins tjónsatburðar fer eftir ákvæðum IX. kafla siglingalaga nr. 34/1985.

### 24. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

24.1 Tjón sem vátryggður bátur veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun hans, enda sé um að ræða beint líkamseða munatjón sem vátryggður veldur með saknæmum og ólögnum hætti.

24.2 Kostnað við að fjarlægja flak báts þriðja aðila.

Vátryggingin bætir ekki:

24.3 Skaðabótakröfur frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns hins vátryggða báts, né skaðabótakröfur frá eigendum afla eða annars sem báturinn flytur.

24.4 Tjón þriðja manns vegna ábyrgðar vátryggðs á skemmdum munum eða glataðra muna sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi.

24.5 Sektir og önnur refsiviðurlög.

24.6 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf.

### 25. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. þó 23. gr. skilmála þessara.

### 26. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

26.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi, sbr. þó 23. gr. skilmála þessara.

- 26.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 26.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 26.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.
- 26.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

## 27. Staða tjónpola við tjón

- 27.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónpóli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónpóla um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 27.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð

kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.

- 27.3 Nú tilkynnir tjónpóli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónpóla um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 27.4 Um stöðu tjónpóla að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 28. Meðferð bótakrafna

- 28.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 28.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

## 29. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.